



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík  
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604  
netfang: lanamal@lanamal.is  
veffang: <http://www.lanamal.is>

### Fréttatilkynning

30. desember 2024

## Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

### Fyrsti ársfjórðungur 2025

- Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf fyrir **40-60 ma.kr.** að söluvirði.
- Nýr óverðtryggður flokkur ríkisbréfa með gjalddaga árið 2038 verður gefinn út á ársfjórðungnum og verður stefnt á viðskiptavakt með flokkinn.
- Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir flokkar ríkisbréfa og mun stærð þeirra og markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.

### Útgáfa á árinu

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2025 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 180 ma.kr. að söluvirði á árinu<sup>1</sup>. Þannig verður ríkisbréfaútgáfa áfram uppistaðan í fjármögnun ríkissjóðs. Jafnframt kemur til greina að hagnýta erlendar innstæður á viðskiptareikningi ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **40-60 ma.kr.** Fyrirhugað er að gefa út nýjan óverðtryggðan flokk með gjalddaga 2038. Lánaskilmálar flokksins verða tilkynntir síðar.

### Skriptiútboð – uppkaup

Skriptiútboð og uppkaup á árinu verða framkvæmd í samræmi við ákvæði aðalmiðlarasamninga og stefnu í lánamálum ríkisins.

### Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Sveigjanleiki í víxlaútgáfu er mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

<sup>1</sup> Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllum verðbótum á höfuðstól, þ.e. verð með verðbótum en án áfallinna vaxta.



## LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.